

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2014

Efni: Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um gerð framkvæmdaáætlunar til langs tíma um uppbyggingu heilbrigðiskerfisins, þskj. 39 – 39. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um gerð framkvæmdaáætlunar til langs tíma um uppbyggingu heilbrigðiskerfisins. Í tillögunni er lagt til að heilbrigðisráðherra verði falið að undirbúa og leggja fyrir þingið framkvæmdaáætlun til langs tíma um skipulag og uppbyggingu heilbrigðiskerfisins. Ráðherra leggi fram þingsályktunartillögu þess efnis eigi síðar en á vorþingi 2015 og samfara verði lögð fram nauðsynleg lagafrumvörp svo festa megi fyrirkomulagið í sessi.

BSRB hefur ítrekað mótmælt og varað við afleiðingum niðurskurðar í almannatjónustunni á undanförunum árum og bent á að niðurskurður á almannatjónustu, þ.m.t. heilbrigðisþjónustu, sé skammtímalausn til að spara fjármuni til fárra ára og leiði til aukins kostnaðar fyrir samfélagið allt til lengri tíma. Þá hefur BSRB varað við einkavæðingu í heilbrigðisþjónustunni og telur grundvallaratriði að heilbrigðisþjónustan sé rekin á samfélagslegum grunni af hálfu hins opinbera. BSRB hefur ennfremur lýst yfir miklum áhyggjum af því alvarlega ástandi sem skapast hefur í heilbrigðiskerfinu vegna niðurskurðar sem birtist m.a. í úreltum tækjakosti og skorti á nauðsynlegu viðhaldi. Þá hefur BSRB bent á að heilbrigðisstarfsfólk hafi um langt skeið unnið undir gífurlegu álagi og hafi það í för með sér alvarlega sjúkdóma sem leiði til aukins kostnaðar fyrir heilbrigðiskerfið

BSRB hefur auk þessa í stefnu sinni m.a. lagt áherslu á að endurskoða verði gjaldtöku fyrir ýmsa þætti heilbrigðisþjónustu til að stuðla frekar að jöfnu aðgengi fólks að heilbrigðisþjónustu. Þá telur BSRB nauðsynlegt að endurskoða aukna þátttöku almennings í greiðsluþátttöku lyfja. Þá verður að mati BSRB að huga að jafnræði til heilbrigðisþjónustu eftir búsetu og verði hið opinbera svo dæmi sé sé tekið að taka ríkari þátt í ferðakostnaði fólks sem búsetu sinnar vegna hefur ekki sama aðgengi að heilbrigðisþjónustu og aðrir. Þessi atriði og fleiri er mikilvægt að birtist í slíkri langtímaáætlun. BSRB leggur ríka áherslu á að við gerð slíkrar áætlunar sé jafnt aðgengi allra að heilbrigðisþjónustu, óháð efnahag lagt til grundvallar.

BSRB leggur ríka áherslu á að þessi sjónarmið verði lögð til grundvallar við mótun langtímaáætlunar í heilbrigðiskerfinu.

Í tillögunni er lagt til að heilbrigðisráðherra verði falin gerð langtímaáætlunar. BSRB telur nauðsynlegt að tryggja aðkomu fleiri aðila að gerð slíkrar áætlunar enda um viðamikið verkefni er að ræða þar sem nauðsynlegt er að fjölþætt sjónarmið og þekking komi fram. BSRB telur því rétt að þingsályktunartillögunni verði breytt með tilliti til þessa.

Fyrir hönd BSRB



Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri